



Deiliskipulag fyrir olúbirgðastöð á Litlasandi í Hvalfjarðarsveit

GREINARGERÐ OG UMHVERFISSKÝSLA

Greinargerð í samræmi við skipulagslög 123/2010

Hvalfjarðarsveit

15. desember 2014

Unnið af Teiknistofunni Storð ehf og Hughrifum ehf

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð í samræmi við
.1.mgr.41.gr skipulagslaga nr. 123 / 2010 og var samþykkt:

í sveitastjórn þann _____ 201_.

Tillagan var auglýst frá _____201_.

til _____201_.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild
stjórnartíðinda þann _____ 201_.

Efnisyfirlit

1. Markmið og forsendur	4
2. Lóðirnar	5
3. Skilmálar.....	6
4. Vegir og stígar	7
5. Lagnir.....	7
6. Olúgeymar og mengunarvarnir.....	7
7. Eldri olúgeymar fjarlægðir	7
8. Minjar	8
9. Vatnsból.....	8
10. Skipulagi frestað	8
11. Kortagrunnar, loftmynd, hnitakerfi og lóðateikning	8
12. Samantekt úr umhverfisskýslu	9

1. Markmið og forsendur

Markmið deiliskipulagsins er að skilgreina svæði við Litlasand þar sem hefur verið byggð upp og rekin olíubirgðastöð í margra áratugi. Ástæðan fyrir því að þetta deiliskipulag er unnið er sú að Umhverfisstofnun fer fram á að það sé til samþykkt deiliskipulag svo stofnunin geti framlengt starfsleyfi fyrir olíubirgðastöðina. Í upphafi ársins 2014 var unnin lýsing fyrir deiliskipulagið dags: 11.02.2014 og hún var auglýst og kynnt hagsmunaaðilum í samræmi við skipulagslög. Nokkrar ábendingar komu að lokinni kynningu og hefur verið brugðist við þeim í samvinnu við skipulagsfulltrúann. Deiliskipulagssvæðið sem um ræðir nær yfir 83ha svæði á Litlasandi við norðurströnd Hvalfjarðar og hefur verið notað sem olíubirgðastöð. Landið hallar upp í norðurátt frá fjörunni og upp hlíðar fjallsins Gunnuhjúks. Í dag liggur þjóðvegur nr. 47 um svæðið frá austri til vesturs og verður hann óbreyttur til að tryggja áframhaldandi umferð um svæðið. Deiliskipulagssvæðið er að mestu leyti fyrir norðan þjóðveginn nema hafnarmannvirkin og fjara sem eru sunnan hans. Miðsvæðis eru grasigrónir hólur með berghömrum á toppnum, á og við hólana finnast fornminjar frá því að búskapur var á svæðinu og einnig herminjar. Í grasigrónum daldrögum við hólana renna misstórir lækir niður að sjó. Austast á svæðinu er Gljúfurá sem rennur í Bláskeggsá og renna þær um gilskorninga niður að sjó, yfir Bláskeggsá er friðlýst brú þar sem þjóðvegurinn lá að svæðinu fyrir á tímum. Inn á svæðið frá friðlýstu brúnni liggur hluti af gamla þjóðveginum og eru áhugaverðar gönguleiðir og reiðstígar um hann og er markmiðið að tryggja möguleika fyrir áframhaldandi umferð gangandi og ríðandi við og um svæðið því vegurinn er í ágætis ástandi. Malarvegur liggur einnig upp fjallið á austasta hluta svæðisins og upp að námum sem eru fyrir ofan svæðið. Ofarlega á Gljúfurá er vatnsból fyrir hvalstöðina og vatn frá því leitt í vatnsgeymi sem að stendur ofarlega í hlíðinni. Á Litlasandi hefur verið byggð upp og rekin olíubirgðastöð ásamt hafnarmannvirkjum frá því á stríðsárunum um og uppúr árinu 1940. Fyrir þann tíma var búskapur á jörðinni og túnin að mestu rétt norðan við þjóðveginn og upp í grösugar brekkurnar. Búskapur á Litlasandi lagðist af í kjölfarið á uppbyggingu olíubirgðastöðvarinnar og því hafa túnin ekki verið nitjuð í langan tíma og eru að breytast í móa. Austast á svæðinu þar sem bærinn stóð eru nokkrar fornminjar. Á stórum svæðum bæði vestast og austast í deiliskipulaginu voru geymar olíubirgðastöðvarinnar reistir en olíugeymar sem stóðu í hlíðinni á vesturhluta lóðarinnar hafa síðan verið fjarlægðir og eru verskummerki eftir geymana á landinu. Í austurhluta hlíðarinnar er í dag, olíubirgðastöð sem hefur verið í rekstri allt frá því hún var byggð upp og hefur hún verið aðlöguð að kröfum samtímans. Ástand hennar og tengdra mannvirkja svo sem dæluhúsa, varnaþróa, verkstæðis og hafnarmannvirkja er gott og því góð ástæða til þess að nýta þau áfram.

Á deiliskipulaginu eru sjö lóðir: -Litli Sandur - Olíustöð lóð nr.1 er fyrir véla-og bílaverkstæði. -Litli Sandur - Olíustöð lóð nr. 2, ekki er ákveðið hvað verður á henni. -Litli Sandur - Olíustöð lóð nr. 3 er fyrir olíubirgðastöðina og vatnsgeymi. Litli Sandur - Olíustöð lóð nr.4 er fyrir vatnsból. -Litli Sandur – Bryggja er fyrir bryggju/hafnarmannvirki.

Á svæðinu hefur einnig verið rekin hvalstöð en deiliskipulagið fjallar ekki um hana nema að tvær lóðir sem tilheyra hvalstöðinni og skipulagi þeirra er frestað.

Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi á lóðum nr. 1,2,3, 4 og bryggjunni, engin ný mannvirki fyrirhuguð né breytingar á núverandi mannvirkjum nema að byggja 3 nýja olíugeyma í viðbót við núverandi geyma á Litli Sandur - Olíustöð lóð nr. 3.

2. Lóðirnar

- Litli Sandur - Olústöð lóð nr.1 er 939m² nokkuð flöt og er yfirborð hennar að mestu leyti gras og möl.
- Litli Sandur - Olústöð lóð nr. 2 er 40.671m² og hallar til suðurs niður að sjó og er að miklu leyti ósnortinn mói, gras, malarhryggir og sandströnd nema svæðið þar sem að olúgeymar stóðu áður.
- Litli Sandur - Olústöð lóð nr. 3 er 24.205m² og hallar til suðurs niður að sjó og er að nokkru leyti ósnortinn mói, gras og malarhryggir. Á henni er olúbirgðastöð og hefur nánasta umhverfi hennar verið mótað að þörfum stöðvarinnar.
- Litli Sandur - Olústöð lóð nr.4 er 16.217m² og hallar til suðurs og er að miklu leyti ósnortinn mói, gras og malarhryggir.
- Litli Sandur - Bryggja er 1.220m² lóð, helmingur af bryggju sem er mynduð með grjóttgarði og nær upp að þjóðveginum.
- Litli Sandur – Geymsla Hvalur er 25m² lóð og skipulagi hennar er frestað.
- Litli Sandur – Ketilhús Hvalur er 150m² lóð og skipulagi hennar er frestað.
 - Sjá nánar í töflu með hnitaskrá fyrir lóðirnar á deiliskipulagsupprættinum.

3. Skilmálar

Á lóðunum eru núverandi mannvirki teiknuð inn með byggingareit og númeruð, til sundurgreiningar eru notuð húsnúmer út frá matshlutanúmerum í fasteignamati.

Engar breytingar eru fyrirhugaðar á mannvirkjununum og þau notuð áfram í þeirri mynd sem þau eru í dag, því er mænishæð og form bygginganna ekki skilgreind sértaklega, nema fyrir þrjá nýja geyma sem fyrirhugað er að byggja á lóðinni Litli Sandur - Olústöð lóð nr.3.

-Litli Sandur - Olústöð lóð nr.1 á henni er ein verkstæðisbygging (nr. 01) og kvöð er um að eigandi lóðar nr. 3 sé heimilt að leggja lagnir og viðhalda lögnum þar sem núverandi lagnir eru.

-Litli Sandur - Olústöð lóð nr. 2 á henni eru engar byggingar en það er kvöð um að Hvalur hafi umferðarrétt að sinni lóð og kvöð er um að eigandi lóðar nr. 3 sé heimilt að leggja lagnir og viðhalda lögnum þar sem núverandi lagnir eru.

-Litli Sandur - Olústöð lóð nr. 3 á henni eru 9 olúgeymar (nr. 9 - 17), einn safngeymir (nr. 19) fyrir vatn, tæknirými starfsmanna (nr. 19) og sunnan við þjóðveginn er dæluhús (nr. 04). Það er kvöð um aðgengi að lóð hvals, Litli Sandur - Olústöð lóð nr.4 og um veginn að námum.

Fyrir nýju geymana eru þrír númeraðir byggingareitir (20, 21 og 22). Á hverjum byggingareit er heimilt að byggja einn 470m² og 6.800m³ stál olúgeymi með hámarkshæð 15m.

-Litli Sandur - Olústöð lóð nr.4 á henna er vatnsból.

Nr.	Notkun	Matshluti	Flatarmál
1	Véla og bílverkstæði	10101	386.8 m ²
4	Dæluhús	40101	100.0 m ²
9	Olúgeymir	90101	468.0 m ²
10	Olúgeymir	100101	468.0 m ²
11	Olúgeymir	110101	468.0 m ²
12	Olúgeymir	120101	468.0 m ²
13	Olúgeymir	130101	468.0 m ²
14	Olúgeymir	140101	468.0 m ²
15	Olúgeymir	150101	468.0 m ²
16	Olúgeymir	160101	468.0 m ²
17	Olúgeymir	170101	468.0 m ²
18	Vatnsgeymir	180101	511.0 m ²
19	Tæknirými, starfsmanna	190101	29.5 m ²

-Litli Sandur - Bryggja á lóðinni eru eingöngu hafnarmannvirki. Bryggjan er að mestu leyti grjótvarnargarður en ysti hluti hennar (viðlegukanturinn) er byggður á stálsúlum með timburdekki. Hálf bryggjan tilheyrir olúbirgðastöðinni og það er kvöð um að Hvalur hafi umferðar- og lagnarétt á henni.

4. Vegir og stígar

Þjóðvegur nr. 47 liggur frá austri til vesturs um deiliskipulagssvæðið og er 5m helgunarsvæði hvoru megin við hann. Reiðstígur liggur um deiliskipulagssvæðið frá austri til vesturs að gömlu brúnni yfir Bláskeggsá og einnig áfram upp hlíðina og upp í Litlasandsdal. Malarvegur liggur á austurhluta deiliskipulagssvæðisins upp að námum sem eru fyrir ofan svæðið og er kvöð um umferð um malarveginn fyrir notendur námunnar.

5. Lagnir

Um deiliskipulagssvæðið frá austri til vesturs liggur í dag 220 kV háspennulína með 65m helgunarsvæði.

Frá vatnsinntaki í Gljúfurá að vatnstanki og frá vatnstanki að mannvirkjum liggur niðurgráfin vatnsleiðsla. Olíuleiðslur liggja frá öllum tönkunum að dæluhúsi og frá dæluhúsinu eru tvær olíuleiðslur annarsvegar út á bryggjuna og hinsvegar vestur að olíubirgðastöðinni á Miðsandi og tengist dæluhúsinu þar.

6. Olúgeymar og mengunarvarnir

Olúgeymarnir eru byggðir úr stáli og varnarþrær sem eru fyrir hvert geymasvæði, þær eru hannaðar af verkfræðingi og uppfylla kröfur reglugerðar nr 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Mengunarvarnir eins og þeim er lýst í skýslu frá Umhverfisstofnun eru að fullu frágengnar. Skýslan Umhverfisstofnunar heitir Stækkun olíubirgðastöðvar Olíudreifingar ehf. á Litla-Sandi, Hvalfjarðarsveit nr. 2009050039 unnin af Rut Kristinsdóttur og Sigmari Aerni Steingrímssyni.

Löndunarlagirnir, gufusöfnunarlagirnir, bensíngufuendurvinnslubúnaður, slökkvikerfi, girðingar, vaktkerfi og annar búnaður er nú þegar til staðar í stöðinni, ekki þarf að auka við hann vegna nýrra geyma.

7. Eldri olúgeymar fjarlægðir

Í hlíðinni á vesturhluta lóðarinnar Litli Sandur - Olústöð lóð nr. 2 stóðu 8 olúgeymar og voru þeir fjarlægðir árið 2005, þessir geymar voru byggðir árið 1942 og malarvegur lagður að þeim. Eftir geymana og veginn eru verksummerki á landinu og lóðarhafi hefur ekki í hyggju að lagfæra þau því ekki liggur fyrir hver notkunin verður í framtíðinni en þegar ákvörðun verður tekin um það þá verður deiliskipulagi breytt í samræmi við eðli og umfang notkunar lóðarinnar.

8. Minjar

Gamla brúin yfir Bláskeggsá er merkt Þ31, hún er á skrá yfir friðlýstar fornminjar. Frá brúnni er 100 metra friðhelgað svæði frá ystu sýnilegu mörkum hennar. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Einnig er tafla með upplýsingum um staðsetningu fornminja á svæðinu. Upplýsingarnar eru úr Fornleifaskráningu í Hvalfjarðarhreppi (Fornleifastofnun Íslands FS214000034, Reykjavík) unnin af Birnu Lárusdóttur, Guðrúnu Öldu Gísladóttur og Ugga Ævarssyni.

- Sjá nánar í töflu með skrá yfir fornminjar á deiliskipulagsupprættinum.

9. Vatnsból

Ofarlega á skipulagssvæðinu nánar tiltekið hnit 383.603 , 435.549 á lóð nr.4 er vatnsból sem að þjónar starfsemi Hvals hf, það er myndað með steyptri stíflu þvert á Bláskeggsá. Vatnið er leitt í safngeymi (nr. 18) og leitt þaðan í Hvalstöðina þar sem vatnið er síað og geislað. Vatnsbólínu stafar engin ógn af fyrirhuguðum framkvæmdum við olúbirgðastöðina. Haft var samráð við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands vegna vatnsbólsins og fengið staðfest að vatnsbólínu stendur engin ógnun af mögulegum framkvæmdum á deiliskipulagssvæðinu því þarf ekki að skilgreina nærsvæði né grendarsvæði. Ef þörf verður á úrbótum skal vinna þær í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

10. Skipulagi frestað

Inn á lóðinni Litli Sandur - Olústöð nr. 2 er annarsvegar lóðin Litli Sandur – Geymsla Hvalur og inn á lóðinni Litli Sandur - Olústöð nr. 3 er hinsvegar lóðin Litli Sandur – Ketilhús Hvalur, þessar tvær lóðir tilheyra Hvalstöðinni. Skipulagi er frestað fyrir þessar lóðir að öðru leyti en því að lóðamörk liggja að lóðum olústöðvarinnar og eru þær því tilgreindar í hnitaskrá. Kvöð er um umferð fyrir eiganda lóðanna (Hval) að þeim um lóð nr.2 og lóð nr.3.

11. Kortagrunnar, loftmynd, hnitakerfi og lóðateikning

Kortagrunnur er fenginn frá skipulagsfulltrúa, loftmyndin er frá loftmynd ehf. og hnitakerfi er Ísnet 93. Hnitasettar lóðateikningar eru unnar af verkfræðistofunni Bjargi í fyrrnefndu hnitakerfi.

12. Samantekt úr umhverfisskýslu

Unnin hefur verið umhverfisskýsla dagsett 15.12.2014 og er eftirfarandi úrdráttur úr henna.

Umhverfismat deiliskipulagstillögunnar fyrir olíubirgðastöð á Litlasandi í Hvalfjarðarsveit er unnið í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010, laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í umhverfismati áætlunarinnar sem hér liggur fyrir hafa verið skoðaðir níu mismunandi umhverfisþættir. Með samþykkt á deiliskipulagsáætluninni fyrir olíubirgðastöð á Litlasandi er tryggt að eftirlit verði með starfsemi út frá ákvæðum mengunarvarna sem gilda um olúgeyma og birgðastöð. Vatnsbóli efst á deiliskipulagssvæðinu stafar engin ógn af fyrirhuguðum framkvæmdum við olíubirgðastöðina. Einnig er hægt að gefa út starfsleyfi þar sem fyrir liggur skipulagsáætlun, sem tryggir starfsöryggi og að ekki sé gengið á þá umhverfisþætti sem teknir voru til skoðunar. Með ákvæðum deiliskipulagsins eru tryggðar ákveðnar úrbætur á skipulagssvæðinu og að bætt ástand gagnvart vatnsvernd, minjum og landnotkun svæðisins. Áætlunin hefur óveruleg, engin eða jákvæð áhrif á þá umhverfisþætti sem voru skoðaðir.

Deiliskipulagsáætlunin hefur jafnframt engin áhrif á fyrirliggjandi aðalskipulag og er í samræmi við þá landnotkun og þau ákvæði sem gilda um iðnaðarsvæðið I5, þar sem leyfilegt er að starfrækja olíubirgðastöð og hafnarmannvirki.



Deiliskipulag fyrir olúbirgðastöð á Litlasandi í Hvalfjarðarsveit

UMHVERFISSKÝRSLA

Umhverfisskýrsla í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 106/2000.

Hvalfjarðarsveit

15. desember 2014

Unnið af Teiknistofunni Storð ehf og Hugrifum ehf

Efnisyfirlit

1. Samantekt	12
2. Inngangur.....	12
3. Aðferðir	13
3.1 Umhverfisþættir	13
3.2 Umfang umhverfismats.....	13
3.3 Fyrirliggjandi gögn	14
3.4 Samræmi við fyrirliggjandi áætlanir	14
3.5 Kynning og samráð	15
3.6 Vöktunarákvæði	15
3.7 Framsetning umhverfismats	15
4. Umhverfismat tillögu.....	16
4.1 Mat á umhverfisáhrifum.....	16
5. Niðurstöður	17
6. Heimildir.....	17

1. Samantekt

Umhverfismat deiliskipulagstillögunnar fyrir olúbirgðastöð á Litlasandi í Hvalfjarðarsveit er unnið í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010, laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í umhverfismati áætlunarinnar sem hér liggur fyrir hafa verið skoðaðir níu mismunandi umhverfisþættir. Með samþykkt á deiliskipulagsáætluninni fyrir olúbirgðastöð á Litlasandi er tryggt að eftirlit verði með starfsemi út frá ákvæðum mengunarvarna sem gilda um olúgeyma og birgðastöð. Vatnsbóli efst á deiliskipulagssvæðinu stafar engin ógn af fyrirhuguðum framkvæmdum við olúbirgðastöðina. Einnig er hægt að gefa út starfsleyfi þar sem fyrir liggur skipulagsáætlun, sem tryggir starfsöryggi og að ekki sé gengið á þá umhverfisþætti sem teknir voru til skoðunar. Með ákvæðum deiliskipulagsins eru tryggðar ákveðnar úrbætur á skipulagssvæðinu og að bætt ástand gagnvart vatnsvernd, minjum og landnotkun svæðisins. Áætlunin hefur óveruleg, engin eða jákvæð áhrif á þá umhverfisþætti sem voru skoðaðir.

Deiliskipulagsáætlunin hefur jafnframt engin áhrif á fyrirliggjandi aðalskipulag og er í samræmi við þá landnotkun og þau ákvæði sem gilda um iðnaðarsvæðið I5, þar sem leyfilegt er að starfrækja olúbirgðastöð og hafnarmannvirki.

2. Inngangur

Umhverfisskýrsla þessi er unnin samhliða gerð deiliskipulags fyrir olúbirgðastöð á Litlasand í Hvalfjarðarsveit. Hún er unnin í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010, laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Deiliskipulaginu er ætlað að skilgreina svæðið á Litlasandi þar sem rekin hefur verið olúbirgðastöð um áratuga skeið, ásamt hafnaraðstöðu. En jafnframt er gert ráð fyrir að bæta við 3 nýjum olúgeymum á svæði núverandi olúgeyma. Deiliskipulagið er unnið vegna kröfu Umhverfisstofnunar um samþykkt deiliskipulag til að Umhverfisstofnun geti gefið út nýtt starfsleyfi fyrir olúbirgðastöðina. Fyrra starfsleyfi er útrunnið. Unnin var lýsing og matslýsing fyrir skipulagsáætlunina og í tengslum við kynningu og samráð hennar komu fram nokkrar ábendingar frá þeim umsagnaraðilum sem þar voru skilgreindir. Í kjölfarið var unnin umhverfisskýrslan sem hér er lögð fram og skal hún auglýst samhliða auglýsingu á skipulagstillögunni.

3. Aðferðir

3.1 Umhverfisþættir

Um er að ræða umhverfisþætti sem talið er að geti orðið fyrir áhrifum, þegar ákvæði í fyrirbyggjandi skipulagsáætlun koma til framkvæmda. Umhverfisþættirnir eru valdir með tilliti til þeirra ákvæða sem skipulagsáætlunin nær til og aðstæðna á skipulagssvæðinu.

Í töflu 1 eru sett fram viðmið fyrir þá umhverfisþætti sem matið nær til og í töflu 3 skýringar á áhrifum og viðmið þeirra.

Tafla 1. Viðmið fyrir áhrif á náttúru og landslag sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu.

Umhverfisþættir	Umhverfisviðmið
Gróðurfar	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur Listi yfir friðlýstar plöntur Lög um náttúruvernd
Fuglar	Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla 6 gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
Jarðfræði og jarðmyndanir	Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Markmið er að fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á landsvísu. Lög um náttúruvernd
Landslag Upplifun og sjónræn áhrif	Sérstöðu/fágætis landslags út frá lögum um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúru-minjaskrá. Megineinkenni landslags s.s. ósnortið/ náttúrulegt yfirbragð, landslags form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags. Norrænt landslag og evrópski landslagssáttmálinn þar sem fjallað er um mikilvægi landslags sem hluta af umhverfi fólks og upplifun.
Útivist og ferðamennska	Áhrif og upplifun frá markverðum stöðum Áhrif á notagildi svæða eða gönguleiða til útivistar
Náttúru-minjar	Náttúru-minjaskrá
Vatnsverndarsvæði	1. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn. 1. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. 1. gr. reglugerðar nr. 797/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun grunnvatns.
Landnotkun og skipulag	Skipulagslög 123/2010 og mannvirkjalög nr. 160/2010 m.s.br. Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020.
Fornleifar og menningarminjar	Skráðar friðlýstar fornleifar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðaleifar, haugar, greftrunarstaðir o.s.frv.).

3.2 Umfang umhverfismats

Í þessu umhverfismat er einungis stuðst við fyrirbyggjandi gögn, þær forsendur sem liggja að baki deiliskipulagsgerðinni og þau gögn sem tengjast tilkynningarskyldu framkvæmdarinnar samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Engar rannsóknir verða unnar og verður aðallega stuðst við þær upplýsingar sem tengjast þeim umhverfisþáttum sem skilgreindir eru í töflu 2.

3.3 Fyrirliggjandi gögn

Fornleifaskráning í Hvalfjarðarsveit (fyrrum Hvalfjarðarstrandarhreppur) liggur fyrir og hafa þær upplýsingar verið færðar inn á deiliskipulagsuppdráttinn og falla þær allar utan áhrifasvæðis olúgeymslusvæði og varnarþrær umhverfis olútanka.

Efst á deiliskipulagssvæðinu er skilgreint vatnsból sem tengist starfsemi Hvals hf. Vatnið er notað í tengslum við matvælaframleiðslu og er síað og geilsað í Hvalstöðinni. Allar framkvæmdir í tengslum við vatnbólið, brunn- og grannsvæði þess skal vinna í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Vatnsbólínu stendur engin möguleg ógnun af framkvæmdum við olúbirgðastöðina þar sem vatnsbólið er ofan við framkvæmdasvæði olúbirgðastöðvarinnar. Jafnframt var haft samráð við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands vegna vatnsbólsins og staðfest að vatnsbólínu standi engin ógn af mögulegum framkvæmdum á deiliskipulagssvæðinu.

Einnig liggur fyrir niðurstaða Skipulagsstofnunar vegna umhverfisáhrifa og hvort fyrirhuguð framkvæmd við stækkun olúbirgðarstöðvar á Litlasandi sé háð mati á umhverfisáhrifum (sjá nánari umfjöllun í kafla 4.1 – Mat á umhverfisáhrifum).

3.4 Samræmi við fyrirliggjandi áætlanir

Skipulagstillagan er í samræmi við megin stefnu aðalskipulag sveitarfélagsins og hefur engin áhrif á þær flutningslínur raforku sem liggja um skipulagssvæðið.

Tafla 2. Helstu áætlanir og tengsl við fyrirhugaða deiliskipulagsáætlun.

Heiti áætlana	Umfjöllun áætlunar	Áhrif á framkvæmdaáform
Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020	Samkvæmt aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði I5 og nánar tilgreint fyrir olúbirgðastöð og hafnamannvirki. Um er að ræða 37 ha iðnaðarsvæði. Gert ráð fyrir þjóðvegi um svæðið, gönguleiðum og reiðstíg um gamla þjóðveginn til að tryggja möguleika fyrir almenna umferð gangandi, ríðandi og akandi við eða um lóðina. Einnig liggur háspennulína um svæðið.	Engin áhrif á framkvæmdir þar sem um er að ræða staðfestingu á núverandi landnotkun og deiliskipulaginu ætlað að staðfesta núverandi notkun. Deiliskipulagsáætlunin hefur engin áhrif á fyrirliggjandi aðalskipulag.
Háspennulínur (samkv. Aðalskip. Hvalfjarðarsveitar 2008-2020) og Kerfisáætlun 2014-2023 frá Landsneti.	Flutningslínur raforku liggja um skipulagssvæðið og samkvæmt aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að þessar línur liggi áfram um svæðið. Eftirfarandi raflínur liggja um skipulagssvæðið: Kerfisáætlun: Brennimelslína 1 - 400 kV.	Engin áhrif á framkvæmdir þar sem fyrirhuguð uppbygging er í samræmi gildandi aðalskipulag.

3.5 Kynning og samráð

Í tengslum við lýsingu fyrir skipulagsáætluninar var sett fram áætlun um kynningu og samráð. Þar voru eftirfarandi aðilar skilgreindir vegna umsagna og samráðs.

- Sveitarfélagið Hvalfjarðasveit
- Skipulagsstofnun - Lögbundin umsagnaraðili við umhverfismat áætlana.
- Umhverfisstofnun - Lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana.
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Minjavörð Vesturlands
- Landsnet – Vegna legu háspennulínu á skipulagssvæðinu.
- Vegagerðin
- Mannvirkjastofnun – vegna brunamála

Ekki er gert ráð fyrir frekar samráði við ofangreinda aðila og geta þeir kynnt sér fyrirbyggjandi gögn nánar á auglýsingtíma deiliskipulagstillögunnar. Búið er að færa inn ábendingar sem bárust inn í tengslum við lýsingu fyrir skipulagsáætlunina.

3.6 Vöktunarákvæði

Í tengslum við vatnsbólið á skipulagssvæðinu er ekki gert ráð fyrir sérstökum vöktunarákvæðum umfram það sem fram kemur í kafla 3.3. Fyrirliggjandi gögn og fram kemur í umfjöllun deiliskipulags um vatnsbólið. Samráð verður haft við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands ef til framkvæmda kemur. Unnið verður í samræmi við þau ákvæði sem gilda um neysluvatn í matvælaframleiðslu og samræmi við umfjöllun í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020. Minjar á svæðinu falla allar utan áhrifasvæðis sem tengjast olúbirgðastöðinni, varnarþróm og vatnbólinu. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum ákvæðum um vöktun á minjum, vatnsbóli og varnarþróm fyrir olúbirgðatanka.

3.7 Framsetning umhverfismats

Við greiningu einkenna og vægis hugsanlegra umhverfisáhrifa verður notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi áhrifa.

Tafla 3. Skýringar á áhrifum og viðmiðum áhrifaþátta.

Tákn	Áhrif	Viðmið áhrifaþátta
(+)	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt.	Deiliskipulagið styður viðmið viðkomandi umhverfisþátta.
(0)	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt.	Deiliskipulagið hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
(-)	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt	Deiliskipulagið vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfisþátta.
(?)	Óljós áhrif á umhverfisþátt	Deiliskipulagið hefur óljós áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.

Í umhverfismati þessu voru meti þau stefnumið sem talin voru líkleg til að hafa áhrif í mati á umhverfisáhrifum. Þeir umhverfisþættir sem líklegir eru til að hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á þá þætti sem skilgreindir eru í töflu 2 eru: Framkvæmdir við stækkun og rekstur á olúbirgðastöðinni sem tengjast minjum, mengun og landnotkun á skipulagssvæðinu.

4. Umhverfismat tillögu

Deiliskipulag þetta nær til olúbirgðastöðvar sem er nú þegar í rekstri og einnig er þegar búið að byggja upp varnarþrær umhverfis núverandi olútanka, en nýir tankar verða jafnframt byggðir upp innan núverandi olútankasvæðis. Vatnbóli á skipulagssvæðinu stafar engin ógn af framkvæmdum við rekstur olúbirgðastöðvarinnar og að skráðar minjar á svæðinu verði ekki fyrir skaða. Með samþykkt deiliskipulagsins verða uppfyllta kröfur Umhverfisstofnunar og komnar forsendur til að gefa út nýtt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun.

Í umhverfismati tillögunnar eru skoðaðir þeir umhverfisþættir sem skilgreindir eru í töflu 1 og sett fram í töflu 4 – Venslatöflu A.

Tafla 4. Venslatafla A – Umhverfismat fyrir óbreytt ástands og deiliskipulagstillögu.

Umhverfisþættir	Óbreytt ástand	Tillaga deiliskipulags
Gróðurfar	(0)	(0)
Fuglar	(0)	(0)
Jarðfræði og jarðmyndanir	(0)	(0)
Landslag Upplifun og sjónræn áhrif	(0)	(0)
Útivist og ferðamennska	(0)	(0)
Náttúruminjar	(0)	(0)
Vatnsverndarsvæði	(-)	(0)
Landnotkun og skipulag	(-)	(+)
Fornleifar og menningarminjar	(-)	(0)

Við skoðun á áhrifum skipulagsáætlunarinnar á skilgreinda umhverfisþætti er talið að framkvæmdir á skipulagssvæðinu hafi engin eða óveruleg áhrif á flesta umhverfisþætti. Við óbreytt ástand yrði um neikvæð áhrif að ræða á vatnsvernd, landnotkun og minjar á skipulagssvæðinu. Einnig er talið að með samþykkt deiliskipulagsins sé komin umgjörð sem hefur jákvæð áhrif á landnotkun og skipulag. Vatnsból efst á skipulagssvæðinu verður rekið áfram í óbreyttu ástandi, en því stafar engin ógn af áhrifasvæði olúbirgðastöðvarinnar. Fyrir liggur að engar minjar eru á fyrirhuguðu áhrifasvæði og engin eða óveruleg umhverfisáhrif á minjar á skipulagssvæðinu.

4.1 Mat á umhverfisáhrifum

Fyrirhuguðu stækkun á olúbirgðastöðinni á Litlasandi var tilkynnt til Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 5.gr. og lið 13a í 2. Viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Á grundvelli erindis dags. 29. maí 2009 og þeirra gagna sem Olúdreifing ehf lagði fram er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun olúbirgðastöðvarinnar á Litlasandi í Hvalfjarðarsveit, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b.

5. Niðurstöður

Umhverfismat áætlunarinnar bendir til þess að með gildistöku deiliskipulagsins verður tryggt að ákvæði um mengunarvarnir nái til olúbirgðarstöðvarinnar og hægt verður að gefa út starfsleyfi sem tryggir ákveðið eftirlit með starfsemi. Þar með verða áhrif áætlunarinnar jákvæði fyrir landnotkun og skipulag. Óbreytt ástand hefði haft neikvæð áhrif á vatnsvernd, minjar, landnotkun og skipulag. Fyrir aðra umhverfisþætti yrðu áhrifin óveruleg eða engin.

6. Heimildir

Alþingi. (2010). *Mannvirkjalög nr 160/2010*. Alþingi. Reykjavík.

Alþingi. (2010). *Skipulagslög nr 123/2010*. Alþingi. Reykjavík.

Alþingi. (2006). *Lög um umhverfismat áætlana nr 105/2006*. Alþingi. Reykjavík.

Alþingi. (2000). *Lög um mat á umhverfisáhrifum nr 106/2000*. Alþingi. Reykjavík.

Fornleifastofnun Íslands. (2003). *Fornleifaskráning í Hvalfjarðarstrandarhreppi*. FS214-00034, Höf. Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir og Uggi Ævarsson. Reykjavík.

Landlínur ehf. (2010). *Aðalskipulag Hvalfjarðasveitar 2008 – 2020*. Landlínur ehf. Hvalfjarðarsveit.

Landsnet hf. (2013). *Kerfisáætlun 2014 – 2023*. Landsnet hf. Reykjavík.

Skipulagsstofnun. (2009). *Ákvörðun um matskyldu fyrir stækkun olúbirgðastöðvar Olíudreifingar ehf á Litla-Sandi, Hvalfjarðarsveit - Niðurstaða*. 5 bls. Reykjavík.